

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 202/2021

frá 9. júlí 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/668 frá 23. apríl 2021 um leyfi fyrir breytingum á skilyrðum fyrir notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/670 frá 23. apríl 2021 um leyfi til að setja á markað olíu úr *Schizochytrium* sp. (WZU477) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 141, 26.4.2021, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 141, 26.4.2021, bls. 14.

- „– **32021 R 0668**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/668 frá 23. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 141, 26.4.2021, bls. 3),
- **32021 R 0670**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/670 frá 23. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 141, 26.4.2021, bls. 14).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 193. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/77):

„194. **32021 R 0670**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/670 frá 23. apríl 2021 um leyfi til að setja á markað olíu úr *Schizochytrium* sp. (WZU477) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 141, 26.4.2021, bls. 14).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2021/668 og (ESB) nr. 2021/670, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.